

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2018110002

2. nóvember 2018

Menntasveigur, bann við því að leggja á afmörkuðum kafla

1. Lagt er til að sett verði bann við því að leggja við norðurhlið Menntasveigs sem liggur í sveig, norðvestan við Háskólann í Reykjavík meðfram lóðum 2-8. Bannið sé táknað með B21.11.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Myndir til skýringar eru á næstu síðu.

Menntasveigur er um 6,5m breið gata. Hornrétt bílastæði eru á stórum hluta götunnar en biðstöð strætó er næst gatnamótunum þar sem Menntasveigur greinist, norðan Háskólans í Reykjavík. Nauðsynlegt er að banna bifreiðastöður næst gatnamótunum með tilliti til sýnar á gatnamótunum og umferðaröryggis en þar er hægri réttur. Þar sem hornréttu stæðin eru, er ekki rúm fyrir að lagt sé samsíða götunni líka þar sem a.m.k. sex metra þarf aftan við hornrétt stæði til að hægt sé að aka örugglega inn og út úr þeim.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Lagt er til að óheimilt verði að leggja við norðurhlíð Menntasveigs sem liggur norðvestan við Háskólann í Reykjavík



Mynd 2 Bifreiðastöður næst gatnamótunum skerða sýn og hafa þannig neikvæð áhrif á umferðaröryggi